

Háskólinn á Akureyri

Hug- og félagsvísindasvið

Fjölmiðlafræði

2013

Kosningaumfjöllun prentmiðla

Að hve miklu leyti endurspeglar umfjöllun prentmiðla

fyrir alþingiskosningarnar 1995

niðurstöður kosninganna?

Elsa Ófeigsdóttir

Lokaverkefni

Háskólinn á Akureyri

Hug- og félagsvísindasvið

Fjölmiðlafræði

2013

Kosningaumfjöllun prentmiðla

Að hve miklu leyti endurspeglar umfjöllun prentmiðla

fyrir alþingiskosningarnar 1995

niðurstöður kosninganna?

Elsa Ófeigsdóttir

Lokaverkefni til 180 eininga B.A. prófs í hug- og félagsvísindadeild.

Leiðbeinandi: Kjartan Ólafsson

Yfirlýsingar

Ég lýsi því hér með yfir að ég ein er höfundur þessa verkefnis og að það er ágóði eigin rannsókna.

Elsa Ófeigsdóttir

Það staðfestis hér með að lokaverkefni þetta fullnægir að mínum dómi kröfum til B.A.-prófs í hug- og félagsvísindadeild.

Kjartan Ólafsson

Útdráttur

Hlutverk fjölmiðla í lýðræðissamfélagi er þríþætt. Þeir eiga að veita stjórnvöldum aðhald og borgurum áreiðanlegar upplýsingar. Þá eiga þeir líka að vera umræðuvettvangur í þjóðfélaginu og greina frá mismunandi sjónarhornum af hlutlægni og sanngirni. Það mæðir sérstaklega mikið á fjölmiðlum að sinna hlutverki sínu af kostgæfni þegar kosningar eru í nánd. Enda er það sá tími sem bæði almenningur og stjórnmálamenn vakna til lífsins og nýta sér allar leiðir fjölmiðla til að kynna sér málefni annars vegar og koma sér á framfæri hins vegar. Í ritgerðinni kemur í ljós sterk fylgni milli kjörfylgis stjórnmálaflokka og fjölmiðlaumfjöllunar um þá.

Abstract

The role of media in a democratic society is threefold. They should supervise the government's actions and provide reliable information to the citizens. They should also provide both space for discussions in the society and give an account of different points of view with objectivity and fairness. When elections are coming up it is especially important for the media to step up and attend to its role. That is also the time when both the public and politicians come to life and want to make the most of the media's utilization to receive information on the one hand and get some information through to the public on the other hand. A strong correlation between party votes and party media coverage is shown in the the essay.

Efnisyfirlit

Útdráttur	iv
Abstract	iv
Efnisyfirlit	1
Mynda- og töfluyfirlit.....	2
1. Inngangur	3
2. Stjórnkerfi Íslands	4
2.1. Kosningakerfi	4
2.1.1. D'Hondt deilireglan.....	5
2.1.2. Regla stærstu leifa	5
2.2. Alþingiskosningar 1995	5
3. Hlutverk fjölmiðla í aðdraganda kosninga	6
4. Gagnaöflun	8
5. Greining og niðurstöður	9
5.1. Stjórnmalaflokkar í umræðunni	9
5.1.1. „Litlu framboðin“	10
5.1.2. Alþýðuflokkurinn	10
5.1.3. Framsóknarflokkurinn	11
5.1.4. Sjálfstæðisflokkurinn	12
5.1.5. Alþýðubandalagið og óháðir	12
5.1.6. Þjóðvaki, hreyfing fólksins	13
5.1.7. Samtök um kvemnalista	14
5.2. Umfjöllun Morgunblaðsins og DV	14
5.2.1. Umfjöllun Morgunblaðsins	15
5.2.2. Umfjöllun DV	16

5.2.3. Auglýsingar	17
5.2.4. Aðsendar greinar	18
5.3. Fjölmiðlaumfjöllun og kjörfylgi.....	18
7. Umræður og lokaorð	19
8. Heimildir	21
Viðauki I.....	24

Mynda- og töfluyfirlit

Myndayfirlit

Mynd 1: Fjöldi greina og auglýsinga á hvern stjórn málaflokk	9
Mynd 2: Skipting efnisumfjallana „litlu framboðanna“	10
Mynd 3: Samanburður auglýsingahlutfalls og kjörfylgis á landsvísu	17
Mynd 4: Hutfall aðsendra greina þar sem minnst var á hvern stjórn málaflokk	18
Mynd 5: Samanburður á fjölmiðlaumfjöllun og kjörfylgi	19

Töfluyfirlit

Tafla 1: Úrslit alþingiskosninga 1995	6
Tafla 2: Tegund umfjöllunarefnis í bæði DV og Morgunblaðinu	15
Tafla 3: Tegund umfjöllunarefnis í Morgunblaðinu	16
Tafla 4: Tegund umfjöllunarefnis í DV	17

1. Inngangur

Fjölmiðlar gegna mikilvægu hlutverki sem upplýsingaveita í lýðræðisríki. Í 8. bindi *Skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis* segir að hlutverk fjölmiðla sé í raun þrjúþætt. Aðhaldshlutverk fjölmiðla felur í sér að þeir eigi að veita stjórnvöldum aðhald og leitast þannig við að vernda borgara fyrir misbeitingu valds. Upplýsingahlutverk fjölmiðla gengur út á að þeir veiti borgurum áreiðanlegar upplýsingar um þjóðfélagsmál af hlutlægni og sanngirni og setji fréttirnar fram á faglegan máta. Þriðja hlutverk fjölmiðla er svo umræðuhlutverkið. Það felur í sér að fjölmiðlar eigi að vera vettvangur fjölþættrar þjóðfélagssumræðu og greina hana frá mismunandi sjónarhornum (Rannsóknarnefnd Alþingis, 2010). Með þessi þrjú hlutverk í huga má geta sér til um að líklega sé tíminn fyrir kosningar mjög annasamur hjá fjölmiðlafólki og vandasamt verk að meta hvaða fréttir hafa mikið fréttagildi og geymi mikilvægar upplýsingar fyrir borgara.

Kosningabarátta breytir starfsumhverfi fjölmiðla þar sem stjórnámálamenn og stjórnámálaflokkar eru mun virkari en á öðrum tímum. Þá er almenningur jafnframt mun áhugasamari varðandi þessi mál og má því segja að kosningabarátta hafi aukin gagnkvæm áhrif á fjölmiðla, stjórnámálamenn og kjósendur. Sú staðreynd að sífellt fleiri kjósendur fresta því að taka ákvörðun um hvað skuli kjósa fram á síðustu stundu hefur jafnframt aukið mikilvægi kosningabaráttunnar fram að kjördegi (Van Aelst og De Swert, 2009). Í ljósi þeirrar staðreyndar má ætla að bæði lítil og ný framboð hafi ekki jafn mikið fjármagn til að auglýsa stefnur sínar og þau sem stærri eru. Þá hafa þessi sömu framboð yfirleitt ekki jafn greiðan aðgang að fjölmiðlum vegna þess að þau eru óþekkt, frambjóðendur þeirra eru óþekktir eða þau gleymast í fréttamati fjölmiðla vegna þess hve smá þau mælast í skoðanakönnunum og glata þannig mikilvægi sínu í flóru framboðanna.

Í þessari ritgerð verður leitast við að sýna fram á hvort og þá hvernig umfjöllun prentmiðla fyrir kosningar endurspeglir niðurstöður kosninganna. Skoðuð verður umfjöllun dagblaða vikuna fyrir alþingiskosningarnar árið 1995 og hún borin saman við niðurstöður kosninganna.

2. Stjórnkerfi Íslands

Lýðveldið Ísland var stofnað árið 1944 og er því aðeins 69 ára gamalt. Fyrstu kosningar til Alþingis fóru þó fram 100 árum áður eða árið 1844 þegar Ísland var enn undir stjórn Danakonungs. Þá var Alþingi skipað 26 alþingismönnum og var einungis ráðgefandi Danakonungi. Árið 1874 hlaut Alþingi löggjafarvald í íslenskum sérmálum og einnig skattlagningar- og fjárveitingavald en Danakonungur hafði neitunarvald. Alþingismönnum fjölgaði við þessa breytingu og var Alþingi skipt í tvær deildir, efri deild þar sem sátu 12 þingmenn og neðri deild þar sem 24 þingmenn sátu. Árið 1903 var þingmönnum fjölgað í 40. Ári síðar fengu Íslendingar heimastjórn og skipaði Danakonungur þá einn íslenskan ráðherra sem var studdur af meirihluta þingmanna. Þannig komst á þingræði héraðs. Árið 1917 var ráðherrum fjölgað í þrjá. 1. desember 1918 varð Ísland fullvalda ríki. Danakonungur þurfti þó áfram að undirrita lög. Hann hafði neitunarvald en beitti því aldrei og virti þingræðið að fullu. Þegar Danmörk var hernúmin í seinni heimsstyrjöldinni árið 1940 lýsti Alþingi því yfir að það fæli ríkisstjórn landsins að fara með vald konungs og að utanríkismál væru alfarið í umsjá Íslands. Ári síðar var ríkisstjóri kosinn til að fara með vald konungs. Sú skipan stóð í þrjú ár til viðbótar eða þar til lýðveldið Ísland var stofnað 17. júní 1944 og forseti lýðveldisins kosinn í fyrsta skipti. Stjórnarhættir Alþingis hafa ekki breyst mikið síðan þó þingmönnum hafi fjölgað jafnt og þétt gegnum árin en þingsætin urður 63 árið 1987 og hefur sá fjöldi haldist síðan (Skrifstofa Alþingis, 2011).

2.1. Kosningakerfi

Flokkakerfið sem er við lýði á landinu þróaðist á fyrri hluta 20. aldarinnar og hefur verið í sífelldri þróun síðan. Borgarar fá að jafnaði að kjósa nýja handhafa ríkisvalds á fjögurra ára fresti eða endurnýja umboð starfandi handhafa ríkisvalds. Kosningarnar fara fram með hlutfallskosningu. Hlutfallskosning í sem einfaldastri mynd byggir á listakosningum þar sem stjórnmalaflokkar eða stjórnmalasamtök bjóða fram númeraða lista og getur hver kjósandi kosið einn flokk eða samtök. Kjósendur geta þó strikað út þá frambjóðendur sem þeim líkar illa við á sínum lista en oftast þarf margar útstrikanirnar til að þær skili sér í niðurstöðum kosninga. Samkvæmt kosningalögum til Alþingis er 54 af 63 þingsætum úthlutað á grundvelli fylgis lista í hverju kjördæmi fyrir sig. Þau níu sæti sem eftir standa eru svokölluð jöfnunarsæti en tilgangurinn með þeim er að hver stjórnmalasamtök eða stjórnmalaflokkur fái þann fjölda þingmanna sem er í mestu samræmi við heildaratkvæðatölu sína yfir allt landið.

Aðeins þau stjórn málasamtök sem hafa náð að minnsta kosti samtals 5% fylgi á landsvísu koma til greina við úthlutun á jöfnunarsæti. (Landskjörstórn, e.d.)

Hvað útreikning atkvæða snertir hefur hérlendis yfirleitt verið stuðst við d'Hondt deilireglu en hún er almennt talin hygla stórum flokkum frekar en aðrar reglur (Gunnar Helgi Kristinsson, 2007). Stuðst var við d'Hondt regluna til úthlutunar þingsæta á árunum 1959-1987. Hún var svo tekin upp aftur árið 2000 og er enn stuðst við þessa reiknireglu. Á árunum 1988-1999 var stuðst við aðra reiknireglu, kvótareglu sem kallast regla stærstu leifa (Kosningavefur Innanríkisráðuneytisins, e.d.).

2.1.1. D'Hondt deilireglan

Regla d'Hondt kemur fyrir í 107. grein laga um kosninga til Alþingis nr. 24/2000. Hún er sú regla sem oftast hefur verið stuðst við til útreikningar á úthlutun þingsæta á Íslandi. Þessi regla er svokölluð deiliregla en þær reglur ganga út á að deilt er í atkvæðatölu hvers flokks með runu deilitalna. Í tilfalli d'Hondt hérlendis er stuðst við deilitölurnar 1, 2, 3 og svo framvegis þar til búið er að deila út öllum jöfnunarsætum. Deilt er í atkvæðatölur hvers flokks og fá þeir flokkar sem eru með níu hæstu tölurnar eftir deilingu jöfnunarsætin (Kosningavefur Innanríkisráðuneytisins, e.d.).

2.1.2. Regla stærstu leifa

Á árunum 1988-1999 var stuðst við „reglu stærstu leifa“ og var notkun hennar ætlað að veita minni flokkum aukna möguleika á að ná kosningu inn á þing. Þessi regla byggir á því að þingsætum er skipt nákvæmlega í hlutfalli við atkvæðatölur. Þannig verða til bæði heiltölur og brot en heiltölurnar veittu allar sæti og síðan voru það stærstu brotin sem veittu restina af sætunum. Þessari aðferð var þó ekki beitt við skipun á jöfnunarsætum, við þá úthlutun var áfram stuðst við d'Hondt regluna (Bjarki Ármann Oddsson, 2010 og Guðmundur Sv. Hermannsson, 1995).

2.2. Alþingiskosningar 1995

Árið 1995 mældist kosningaþátttaka 87,4% (Hagstofa Íslands, 2010, bls. 4) en á árunum 1956 – 1987 hafði hún verið um eða yfir 90%. Konur voru duglegri að mæta á kjörstað en karlar í alþingiskosningunum 1995 og var það í fyrsta skipti sem konur voru í meirihluta þeirra sem greiddu atkvæði í alþingiskosningum á Íslandi (Egill Ólafsson, 2013).

Í kosningum til Alþingis árið 1995 hafði samsteypustjórn Alþýðuflokks og Sjálfstæðisflokks með Davíð Oddsson í sæti forsætisráðherra verið við völd frá árinu 1991. Þau framboð sem buðu fram í öllum kjördæmunum átta voru sex: Alþýðuflokkur (A),

Framsóknarflokkur (B), Sjálfstæðisflokkur (D), Alþýðubandalag og óháðir (G), Þjóðvaki, hreyfing fólksins (J) og Samtök um kvennalista (V). Náttúrugaflokkur Íslands (N) var í framboði í fjórum kjördæmum af átta, Kristileg stjórnmalahreyfing (K) í tveimur og Suðurlandslisti (S) og Vestfjarðarlisti (M) voru hvor um sig í framboði í einu kjördæmi. Ekkert af þeim framboðum sem ekki buðu fram á landsvísu náðu manni inn á Alþingi (Hagstofa Íslands, e.d.-a). Úrslit alþingiskosninganna 1995 má sjá í töflu 1 hér að neðan. Að kosningunum loknum mynduðu Sjálfstæðisflokkur og Framsóknarflokkur nýja ríkisstjórn sem sat allt til ársins 2007.

Tafla 1: Úrslit alþingiskosninga 1995:	Hlutfallsleg skipting %	Fjöldi þingsæta
Sjálfstæðisflokkur (D)	37,1%	25
Framsóknarflokkur (B)	23,3%	15
Alþýðuflokkur (A)	11,4%	7
Alþýðubandalag (G)	14,3%	9
Samtök um kvennalista (V)	4,9%	3
Þjóðvaki, hreyfing fólksins (J)	7,2%	4
Náttúrugaflokkur Íslands (N)	0,6%	0
Kristileg stjórnmalasamtök (K)	0,2%	0
Aðrir og utan flokka	1,1%	0
Samtals	100,1%	63

Heimildir: Fylgi stjórnmalaflokka..., 1995 og Hagstofa Íslands, e.d.-a

Af fjölmiðlaumræðunni vikuna fyrir kosningar virðast aðalmálin fyrir kosningarnar hafa verið hverjir studdu EES-samninginn sem tók gildi 1. janúar 1994 (Utanríkisráðuneytið, e.d.), kvótakerfið og úrbætur á því og launamál. Önnur mál sem voru áberandi í umræðunni voru kvenréttindabaráttan og umræða um Evrópusambandið (ESB) en Alþýðuflokkur vildi gjarnan hefja samningaviðræður um aðild að sambandinu.

3. Hlutverk fjölmiðla í aðdraganda kosninga

Fjölmiðlar gegna lykilhlutverki sem upplýsingaveita til almennings og hafa verið nefndir fjórða valdið vegna þessa. Stjórnmalaflokkar og stjórnmalasamtök eru oftast en ekki meira áberandi í fjölmiðlum rétt fyrir kosningar og eru misjafnar skoðanir á því hvort umfjöllun fjölmiðla fyrir kosningar hafi áhrif á kosningahegðun borgaranna. Gunnar Helgi (2007) segir í bók sinni *Íslenska stjórnkerfið* að það sé gagnlegt að hafa í huga að áhrif fjölmiðla eru þrens konar. Í fyrsta lagi felast áhrif fjölmiðla í þeim upplýsingum sem þeir koma á framfæri. Þess vegna er mjög mikilvægt að upplýsingarnar séu sem réttastar. Einnig þarf að hafa í huga að

fjölmiðlar velja þá atburði sem þeir telja vert að fjalla um og meta þannig fréttagildi hvers atburðar. Þannig geta þeir fjölmiðlar sem opinberlega styðja ein stjórnmalasamtök frekar en önnur ákveðið að fjalla aðeins um mál sem eru þessum samtökum hagstæðari og draga fram önnur sem eru andstæðingunum óhagstæð. Í þessu felst einnig annar punkturinn um áhrif fjölmiðla en hann er sá að fjölmiðlar hafa stjórn á því hvaða mál eru rædd. Í þriðja og síðasta lagi geta fjölmiðlar reynt að hafa bein áhrif á skoðanamyndun almennings með því að taka afstöðu til einstakra mála og jafnvel til flokka. Þessi afstaða birtist þá einna helst í leiðurum sem ritstjórnin skrifar og notar til að koma sínum skoðunum á framfæri (Gunnar Helgi Kristinsson, 2007). Í þessum þremur punktum er enn eitt vandamál fjölmiðlafólks skilgreint en það er svokölluð hliðvarsla. Hugtakið hliðvarsla (*e. gatekeeping* (Bennett, 2012, bls. 20)) er notað til að skírskota til þess hvaða einstaklingum og hvaða skilaboðum fjölmiðlar ákveða að birta og koma þannig áleiðis til fjölmiðlaneytenda. Fjölmiðlar ákveða hvað skuli taka til umfjöllunar og hvernig það verður kynnt. Á stærri fjölmiðlum eru það oftast ritstjórar og framkvæmdastjórar sem eiga lokaorðið um hvort og þá hvernig umfjöllun er háttað. Þannig getur frétt um sama málefni gefið tvær mjög ólíkar myndir af málefninu eftir því hvernig umfjölluninni er háttað (Bennett, 2012).

Í greininni *Politicians in the News: Media or Party Logic?* skoðuðu van Aelst, Maddens, Noppe og Fiers (2008) hvaða frambjóðendur í belgískum kosningum árið 2003 hlutu mesta fjölmiðlaumfjöllun. Þar kemur fram að þeir frambjóðendur sem höfðu gegnt embætti fengu mesta umfjöllun í bæði dagblöðum og sjónvarpi. Þá fjölluðu dagblöð einnig meira um þá frambjóðendur sem voru þekktir fyrir annað en stjórnmalastörf, höfðu til dæmis skarað fram úr á sviði íþróttar eða unnið í fjölmiðlum. Þessir frambjóðendur birtust einnig oftast í sjónvarpi en aðrir óreyndir frambjóðendur á sviði stjórnmála þó sá munur væri ekki jafn afgerandi og í umfjöllun dagblaða. Samkvæmt greininni fengu þeir sem höfðu áður starfað í ríkisstjórn meiri umfjöllun en aðrir og er það kallað „ríkisstjórnarþónus“ (*e. government bonus*, bls.201). Að lokum segir í greininni að athygli fjölmiðla er talin vera mjög mikilvæg þegar kemur að því að veiða atkvæði en fræðimenn eru almennt ekki sammála um hversu mikil áhrif fjölmiðlaumfjöllun hafi á kosningahegðun. Þó benda flestar rannsóknir til þess að umfjöllun fjölmiðla í aðdraganda kosninga hafi sitt að segja ef ná á góðum árangri í kosningunum.

Druckman (2005) veltir því meðal annars fyrir sér í grein sinni *Media Matter* hvernig sjónvarpsmiðillinn sé frábrugðinn öðrum tegundum fjölmiðla og þá sérstaklega prentmiðlum. Hann heldur því fram að sjónvarp hafi mun minna rými en prentmiðlar til að fjalla um hvert mál sem leiðir til þess að sjónvarpsfréttir innihalda jafnan minna magn af upplýsingum. Þá segir einnig í greininni að fjölmiðlaneytandinn hafi meiri tíma til að melta umfjöllun

prentmiðla en sjónvarpsmiðla. Það orsakast af því að umfjöllunartími í sjónvarpi er takmarkaður vegna annarra dagskrárliða en þeir sem lesa umfjöllun prentmiðla geta tekið sér tíma til að lesa umfjöllunina. Þeir geta melt upplýsingarnar í rólegheitum og jafnvel lesið umfjöllunina aftur ef því er að skipta. Í greininni kemur einnig fram að rannsóknir á tengslum fjölmiðla og kosningahegðunar hafi gefið misjafnar niðurstöður sem stangast jafnvel á hver við aðra. Sjálfur kemst hann að þeirri niðurstöðu eftir að hafa skoðað fjölmiðlaumfjöllun fyrir kosningar til öldungadeildarinnar í Minnesota árið 2000 að það sé töluverður munur á magni umfjöllunar milli sjónvarps og dagblaða. Aftur á móti segir hann ekki vera mikinn munur á inntaki umfjöllunarinnar. Þá segir hann að dagblöð gegni mikilvægu hlutverki við að veita kjósendum upplýsingar en það geri sjónvarpsfréttir hins vegar ekki.

4. Gagnaöflun

Við rannsóknina var ákveðið að skoða einungis þau dagblöð sem gefin voru út á landsvísu árin 1995. Árið 1995 varð fyrir valinu einkum vegna þess að í byrjun tíunda áratugar síðustu aldar leið tími flokksblaðanna undir lok og veraldarvefurinn sem fjölmiðill var hvorki orðinn jafn algengur né jafn mikilvægur og hann er í dag. Við val á dagblöðum er miðað við að þau hafi náð til að minnsta kosti 10% Íslendinga samkvæmt tölum frá Hagstofu Íslands. Samkvæmt þeim tölum þá voru Íslendingar 266.978 talsins í upphafi ársins 1995 (Hagstofa Íslands, e.d.-b). Sama ár náði DV til um það bil 34.000 landsmanna og Morgunblaðið til tæplega 54.000 manns. Önnur blöð náðu til færri en 10.000 landsmanna og eru þau Alþýðublaðið, Dagur og Tíminn (Hagstofa Íslands, e.d.-c). Með þessar tölur að leiðarljósi og lágmarksútbreiðslu til 10% landsmanna eru umfjallanir DV og Morgunblaðsins teknar til skoðunar í rannsókninni. Skoðuð voru öll tölublöð sem gefin voru út vikuna fyrir kjördag, að kjördegi meðtöldum. Þeir skilmálar gefa að tímabilið sem skoðað var fyrir kosningarnar árið 1995 nær yfir átta daga tímabil: 1.-8. apríl. Blöðin voru skoðuð á vefnum timarit.is og hvert efni mælt á þann veg að reiknað var út hversu margar línur það var að lengd og fjöldi dálka á breidd. Bæði Morgunblaðið og DV birta fimm dálka á hverri blaðsíðu og var heil síða í Morgunblaðinu 109 línur en 114 í DV. Plássið var svo reiknað út með því að margfalda línufjölda við dálkafjölda.


Allt efni sem tengdist kosningunum var metið samkvæmt fyrirfram gefnu matsblaði sem er að finna í Viðauka I. Skráðar voru upplýsingar um hvers eðlis efnið var og því skipt í eftirfarandi flokka: Almennar fréttir, fréttaskýringar eða –úttektir, fréttatengd viðtöl, aðsendar greinar, skoðanakannanir, auglýsingar og fréttir af atburði tengdum kosningum. Fréttir af

atburðum tengdum kosningum eru umfjallanir sem oftast fylgdu myndir af frambjóðendum viðkomandi flokka á vinnustöðum þar sem fór fram kynning á málefnum þess flokks. Undir almennar fréttir flokkast bæði fréttir af framboðslistum, stærri kosningafundum og fleira. Þá var skráð hvaða flokka var minnst á í viðkomandi efni og ber að hafa það í huga að möguleiki er að minnst hafi verið á nokkra flokka í einni efnisumfjöllun. Reynt var að taka afstöðu til þess hvort umfjöllunin hefði jákvæð, neikvæð eða hlutlaus áhrif á viðhorf hvers lesanda gagnvart viðkomandi flokkum. Ef lesandi var hvattur til að kjósa viðkomandi flokk taldist efnið jákvætt. Ef flokkur eða aðili innan ákveðins flokks fékk á sig neikvæða gagnrýni taldist það hafa neikvæð áhrif á lesanda. Það ber að geta þess að allar auglýsingar voru taldar hafa jákvæð áhrif nema gefin væri augljóslega neikvæð mynd af öðrum flokki eða flokkum.

5. Greining og niðurstöður


5.1. Stjórn málaflokkar í umræðunni

Þegar fjölmiðlaumfjöllunin er skoðuð í tengslum við stjórn málaflokkana þarf að hafa í huga að í hverri umfjöllun var möguleiki á að fjallað væri um fleiri en einn flokk. Minnst var á framboðin í samtals 677 greinum. Oftast er minnst á Sjálfstæðisflokkinn eða í 173 greinum og auglýsingum. Næst á eftir Sjálfstæðisflokknum kemur Alþýðuflokkur með 100 greinar og auglýsingar og þar á eftir er Framsóknarflokkur með 99 greinar og auglýsingar. Sjá má skiptinguna milli flokka á mynd 1. Minnst er á þá sex flokka sem fengu þingmenn kjörna inn á þing í 640 greinum og auglýsingum sem er tæplega 95% hlutfall af öllum þeim greinum og auglýsingum þar sem minnst var á eitthvert af framboðunum.



5.1.1. „Litlu framboðin“

Það er augljós munur á fjölda umfjöllunarefna á þeim sex stjórn málaflokkum sem náðu mönnum inn á þing og hinum sem ekki komust inn á þing. Hér eftir verður minnst á þau framboð sem ekki náðu þingsætum sem „litlu framboðin“. Til þeirra teljast Náttúrulegaflokkur Íslands (N), Kristileg stjórn málasamtök (K), Suðurlandslistinn (S) og Vestfjarðarlistinn (M) en tvö síðastnefndu framboðin falla undir hópinn *aðrir og utan flokka* í rannsókninni. Aðeins er minnst á „litlu framboðin“ í 37 greinum en engar auglýsingar birtust á þeirra vegum í hvorki Morgunblaðinu né DV á því tímabili sem blöðin voru skoðuð. Af þessum 37 greinum flokkast 28 þeirra undir almennar fréttir, skoðanakannanir, fréttaskýringar og fréttáúttektir, sjá mynd 2. Þannig má það vera ljóst að undantekningalítið var aðeins minnst á þessi framboð í tilkynningum um framboðslista, ítarlegar skoðanakannanir eða í tengslum við fréttáúttektir á framboðslistum í hverju kjördæmi. Það er einna helst Náttúrulegaflokkurinn sem sker sig úr í hópi „litlu framboðanna“ en á hann var minnst í sex aðsendum greinum. Það er þó töluvert sjaldnar en næsti stjórn málaflokkur á undan sem var minnst á í 21 aðsendri grein. Reyndar mætti segja að aðeins hefði verið minnst á Náttúrulegaflokkinn í fimm aðsendum greinum því ein greinin var birt tvisvar í Morgunblaðinu. Í seinni birtingu hennar fylgdi athugasemd þar sem kom fram að hún væri endurbirt vegna þess að hluti hennar hafði ekki birst í fyrra skiptið. Þar sem þessi umrædda grein birtist tvisvar, þrátt fyrir að hafa sama efnisinnihaldið, var hún talin tvisvar enda gætu einhverjir lesendur hafa misst af henni í annað hvort skiptið.



5.1.2. Alþýðuflokkurinn

Í þeim 100 greinum og auglýsingum sem minnst var á Alþýðuflokkurinn voru 18 auglýsingar og 34 aðsendar greinar. 48 efnisumfjallanir voru almennar fréttir, skoðanakannanir, fréttir af

atburðum tengdum kosningum, fréttaskýringar og fréttauðtæktir. Af þessum 18 auglýsingum voru 17 á vegum framboðsins sjálfs og hefði líklega verið hægt að telja þrjár til viðbótar þar sem auglýstur var kjúklingur á ESB-verði. Því miður kom ekki nógu skýrt fram í auglýsingunni að þetta væri gert á vegum Alþýðuflokksins þannig að þær voru ekki taldar með. Af þeim 34 aðsendu greinum þar sem minnst var á Alþýðuflokkinn töldust 17 vera jákvæðar, tvær hlutlausar og 15 neikvæðar. Í annarri greininni þar sem minnst var á Alþýðuflokkinn á hlutlausan máta skrifaði Katrín Fjeldsted (1995) að sumir kjósendur vildu áframhaldandi ríkisstjórnarsamstarf milli Alþýðu- og Sjálfstæðisflokks. Í hinni greininni sem taldist hlutlaus varðandi Alþýðuflokkinn var minnst á fyrri ríkisstjórn sem flokkurinn var aðili að í því samhengi að hún hefði einungis verið stofnuð af hræðslu við Sjálfstæðisflokkinn (Guðlaugur Þór Þórðarson, 1995). Sem dæmi um þau neikvæðu ummæli sem Alþýðuflokkurinn fékk í þessum 15 greinum má nefna að Sveinn Guðmundsson (1995) talaði um fáránleika í málflutningi talsmanna sjávarútvegsstefnu Alþýðuflokksins og einnig gagnrýndi Glúmur Jón Björnsson (1995) Alþýðuflokksmenn fyrir villandi málflutning sinn um að með tilkomu Evrópusambandsaðildar mundi matarverp lækka. Glúmur tók jafnframt fram að hægt væri að lækka matarverð með því að afnema tolla á innfluttar landbúnaðarafurðir.

5.1.3. Framsóknarflokkurinn

Minnst var á Framsóknarflokkinn í 99 greinum og auglýsingum. Auglýsingarnar voru 32 talsins og þar af taldist ein gefa neikvæða mynd af flokknum. Auglýsingin sem var talin gefa neikvæða mynd af flokknum var birt á vegum Sjálfstæðisflokksins á bls. 7 í Morgunblaðinu þann 7. apríl 1995 undir yfirskriftinni „Það vill enginn annan framsóknaráratug“ þar sem raktar voru neikvæðar afleiðingar ríkisstjórna á níunda áratugnum en Framsóknarflokkurinn átti sæti í þeim öllum. Framsóknarflokkurinn var nefndur í 21 aðsendri grein þar sem fimm töldust gefa jákvæða mynd af flokknum en fjórtán neikvæða mynd. Meðal ummæla sem töldust gefa neikvæða mynd af flokknum voru til dæmis orð Guðlaugar H. Konráðsdóttur (1995) um að tímar fyrri ríkisstjórna Framsóknarflokksins hefðu einkennst af óðaverðbólgu, fjárfestingamistöfum og vaxandi skuldasöfnun heimilanna. Annað dæmi er grein Bjarna Kjartanssonar (1995) þar sem hann minnti á að framsóknarmenn hefðu verið í þeim hópi sem kom á lögum um verðtryggingu fjárskuldbindinga árið 1979 og líkti Halldóri Ásgrímssyni, þáverandi formanni Framsóknarflokksins, við bandaríska prédikarann Benny Hinn. Þá gagnrýndi Kristján Pálsson (1995) framsóknarmenn fyrir fiskveiðistefnu þeirra og sakaði flokkinn um blekkingarleik. Í grein sinni fullyrta hann meðal annars að Halldór Ásgrímsson

væri hugmyndasmiður kvótans og aflamarksleiðarinnar. Þá nefndi hann að ein af tillögum Framsóknarflokksins væri að leyfa togurum að veiða upp að 200 metra dýpi sem myndi skapa mikinn vanda hjá minni bátum á grunnslóðinni.

5.1.4. Sjálfstæðisflokkurinn

Sjálfstæðisflokkurinn er sá flokkur sem oftast var minnst á en það var í 173 greinum og auglýsingum. Hann auglýsti jafnframt mest og birtust 48 auglýsingar á hans vegum. Tvær auglýsingar töldust gefa neikvæða mynd af honum en það voru auglýsingar frá Alþýðubandalaginu og óháðum. Þar var Ögmundi Jónassyni stillt upp sem baráttumanni fyrir kjarabaráttu launafólks og jöfnun lífskjara gegn Pétri H. Blöndal sem legði áherslu á fjármagnsmarkað og verðbréfavíðskipti. Þá var einnig oftast minnst á Sjálfstæðisflokkinn í aðsendum greinum eða í samtals 61 grein. Þær greinar sem töldust gefa jákvæða mynd af flokknum voru 49, tvær töldust vera hlutlausar og þær sem töldust gefa neikvæða mynd af flokknum voru tíu talsins. Svavar Gestsson (1995) skrifaði harðorða grein í garð Sjálfstæðisflokksins þar sem hann sagði flokkinn vera vörsluflokk sérhagsmuna og fjármagns. Svavar nefndi nokkur dæmi máli sínu til rökstuðnings svo sem að Sjálfstæðisflokkurinn hefði alltaf verið mótfallinn hátekjuskatti og að hann væri ábyrgur fyrir því að Ísland væri ekki með fjármagnstekjuskatt. Þá sakaði Jón Baldvin Hannibalsson (1995) sjálfstæðismenn um að draga taum framleiðenda í landbúnaðarmálum og vísaði þar til hárra innflutningstolla á landbúnaðarafurðum. Gunnlaugur Ólafsson (1995) gagnrýndi sjálfstæðismenn fyrir skattastefnu sína sem hann sagði byggja á því að léttu skattbyrði fyrirtækja og stóreignafólks. Þá sagði hann flokkinn tala um gildi einstaklingsframtaksins en á sama tíma ynni flokkurinn sýknt og heilagt að því að tryggja sérhagsmuni þeirra sem hefðu náð heljartökum á atvinnulífinu. Sigurður Hannesson (1995) gagnrýndi eitt af slagorðum Sjálfstæðisflokksins „X-D betra Ísland“ og hélt því fram að eftir þessi fjögurra ára ríkisstjórnarsetu flokksins væru heimilin nærri því gjaldþrota og launin svo lág að fólk næði vart endum saman.

5.1.5. Alþýðubandalagið og óháðir

Minnst var á Alþýðubandalagið og óháða í 88 greinum og auglýsingum. Minnst var á framboðið í tíu auglýsingum, þar af voru níu á vegum framboðsins sjálfs. Þegar kemur að aðsendum greinum var minnst á flokkinn í samtals 29 greinum. Tíu töldust vera jákvæðar þar sem kjósendur voru hvattir til að setja X við G en 18 töldust vera neikvæðar þar sem mikil gagnrýni kom fram á flokkinn. Til þessarar neikvæðu gagnrýni töldust til dæmis staðhæfingar eins og að Alþýðubandalaginu fyndist það merki um getuleysi ríkisstjórnarinnar að hafa

haldið verðbólgunni í eins stafs tölu allt kjörtímabilið, snúið vörn í sókn gegn atvinnuleysi og náð að skila hagnaði þrjú ár í röð (Jón Kristinn Snæholm, 1995). Einnig voru neikvæð ummæli á borð við að Alþýðubandalagið berði hausnum við stein og neitaði að hverfa frá úreltri stefnu sinni (Geir H. Haarde, 1995). Það var auðvitað hluti af stefnu Alþýðubandalagsins að vilja bandaríska herinn burt og að segja sig úr Atlantshafsbandalaginu (NATO) þannig að líklega má deila um það hversu neikvæð seinni ummælin eru. Hér er það þó framsetning sem skiptir máli og teljast orðasamböndin „úrelt stefna“ og „að berja hausnum við stein“ gefa neikvæða mynd af flokknum.

5.1.6. Þjóðvaki, hreyfing fólksins

Skrifað var um Þjóðvaka í samtals 96 greinum og auglýsingum. Þjóðvaki birti ellefu auglýsingar og minnst var á hann í 32 aðsendum greinum. Þessi fjöldi ætti að koma á óvart þar sem um nýtt framboð var að ræða og var einungis minnst oftár á ríkisstjórnarflokkana tvo í aðsendum greinum. Þar hefur væntanlega frægð Jóhönnu sem stjórnámálmanns spilað inn í en hún var formaður Þjóðvaka og annar stofnenda framboðsins. Aðsendu greinarnar skiptast nánast jafnt milli þess að gefa jákvæða og neikvæða mynd, 15 greinar töldust gefa jákvæða mynd en 16 töldust gefa neikvæða mynd. Þá var ein grein sem taldist hlutlaus en í henni sagði Sólveig Pétursdóttir (1995) að lítið væri vitað um afstöðu Þjóðvaka til endurnýjunar varnarsamnings við Bandaríkin og aðildar að NATO. Meðal þeirra ummæla sem töldust gefa neikvæða mynd af flokknum voru til dæmis skrif Kristjáns Jóhanns Steinssonar (1995) þar sem hann sagði málflutning talsmanna Þjóðvaka einkennast af innantómum frösum, hugmyndafræði þeirra væri gjaldþrota og að stefnumál þeirra byggðust eingöngu á því að ríkið myndi framkvæma ýmis verk sem ætti að fjármagna með aukinni skattbyrði á kjósendur. Magnús L. Sveinsson (1995) gagnrýndi forystumenn Þjóðvaka, þau Jóhönnu og Ágúst Einarsson, fyrir að tala eins og þau væru „sérstakir talsmenn“ láglaunafólks og benti á að Jóhanna hefði tvisvar átt aðild að setningu bráðabirgðalaga sem komu í veg fyrir hækkun umsamdra launataxta. Sighvatur Björgvinsson (1995) tók í sama streng og Magnús og sagði að hugmyndir Þjóðvaka um að hækka skattleysismörkin kæmu hátekjufólki ekki síður vel. Hann lauk grein sinni með þeirri staðhæfingu að ef hugmyndir Þjóðvaka næðu fram að ganga myndi fólk með mánaðartekjur á bilinu 67 – 80 þúsund krónur vera meira skattlagt en nokkrir aðrir Íslendingar.

5.1.7. Samtök um kvennalista

Alls var minnst á framboðið Samtök um kvennalista, í daglegu tali oftast kallað Kvennalistinn, í 83 greinum og auglýsingum. Auglýsingar á vegum Kvennalistans voru tíu talsins og töldust þær allar jákvæðar. Minnst var á Kvennalistann í 25 aðsendum greinum. Af þessum 25 töldust 16 gefa jákvæða mynd af flokknum en níu töldust gefa framboðinu neikvæða mynd. Dæmi um þau ummæli sem töldust gefa neikvæða mynd af Kvennalistanum má til að mynda finna í grein Arnórs Benónýssonar (1995). Þar hélt hann því fram að konur þyrftu á framsýnni málsvörum að halda en þeim sem telja að störf innan ferðapjónustunnar henti konum einstaklega vel. Máli sínu til rökstuðnings sýndi hann með einföldu reikningsdæmi að störf innan ferðamála yrðu lágláunastörf. Líklega má deila um það hversu áreiðanlegt reikningsdæmið er en ekki verður tekið afstöðu til þess hér. Þá benti Gísli Einarsson (1995) á að þótt Kristín Einarsdóttir þingmaður Kvennalistans og formaður umhverfisnefndar Alþingis talaði eins og henni væri annt um umhverfisvernd þá hefði hún ekki séð þess kost að afgreiða tillögu til að minnka útblástursmengun í opinberum bílum og skipum út úr umhverfisnefnd. Hún hefði þó á endanum látið undan þrýstingi og afgreitt tillöguna út úr nefndinni.

5.2. Umfjöllun Morgunblaðsins og DV

Þegar tekin eru saman umfjöllunarefni í bæði Morgunblaðinu og DV eru greinarnar og auglýsingarnar 362 talsins og er skiptingin sýnd í töflu 2 hér að neðan. Aðeins var birt eitt viðtal við stjórnámamann en það var við Þorstein Pálsson þáverandi sjávarútvegsráðherra og var aðalræðuefnið kvótakerfið. Skoðanakannanir skýra aðeins tæplega 5% af umfjöllunarefni blaðanna fyrir kosningar en fjöldi greina sem falla undir eiginlega fréttaumfjöllun beggja blaða er rétt rúmlega 12% eða aðeins 44 greinar. Fjöldi aðsendra greina er 149 og skýrir það 41% af heildarfjölda greina og auglýsinga. Þannig eru aðsendar greinar stærsti hópurinn þegar kemur að tegund umfjöllunarefnis. Auglýsingar eru næststærsti hópurinn með 126 birtingar og tæplega 35% af heildarumfjöllun.

Þegar aftur á móti er skoðað hversu mikið pláss hver umfjöllunarhópur tekur þá er ljóst að auglýsingar eru fyrirferðamestar en þær taka upp tæplega helming alls plássins sem umfjöllun tengd kosningum tekur eða 48%. Aðsendar greinar eru annar plássfrekur hópur en þær ná yfir 28% af því plássi sem þær greinar og auglýsingar taka sem voru teknar til skoðunar í þessari rannsókn. Eiginleg fréttaumfjöllun, það eru almennar fréttir, fréttaskýringar og fréttatúttæktir tekur aðeins um 18% af heildarplássi þess efnis sem var til skoðunar.

Tafla 2:**Tegund umfjöllunarefnis í bæði DV og**

Morgunblaðinu:	Fjöldi	Hlutfall	Pláss:
Almennar fréttir	29	8,01%	6,70%
Fréttaskýringar / fréttáúttektir	15	4,14%	11,54%
Fréttatengd viðtöl	1	0,28%	0,63%
Aðsendar greinar	149	41,16%	28,13%
Skoðanakannanir	17	4,70%	2,47%
Fréttir af atburðum tengdum kosningum	25	6,91%	2,39%
Auglýsingar	126	34,81%	48,13%
Samtals	362	100%	100%

Hvað viðkemur leiðaraskrifum blaðanna var augljós munur á því hvaða skilaboðum þar var reynt að koma á framfæri. Í leiðurum DV var stöðu stjórn mála flokkanna velt fyrir sér og spáð í hvað myndi gerast á kosningadeginum. Í leiðurum Morgunblaðsins var fólk aftur á móti hvatt til að kjósa Sjálfstæðisflokkinn til að koma í veg fyrir „fjögurra flokka vinstri stjórn“ (Vinstri stjórn?, 1995, bls. 34) og var jafnframt bent á að fengi Sjálfstæðisflokkurinn ekki sterkt fylgi hafi það áður orðið andstöðuflokkum hans hvatning til að taka höndum saman og mynda margra flokka ríkisstjórn (Kjördagur, 1995).

5.2.1. Umfjöllun Morgunblaðsins

Morgunblaðið var gefið út 1.-2. apríl og 4.-8. apríl en það var ekki gefið út á mánudögum árið 1995. Dagana 1. apríl, 4. apríl, 5. apríl, 6. apríl, 7. apríl og 8. apríl fylgdi aukablað Morgunblaðinu sem bar heitið *Aðsendar greinar* þar sem birtust greinar frá landsmönnum, oft frambjóðendum, í tengslum við kosningarnar. Einungis voru metnar greinar þar sem bæði var minnst á málefni tengdum kosningum og eitthvert af framboðunum, hvort sem það var gagnrýni eða lof.

Í Morgunblaðinu birtust samtals 283 efni sem voru beintengd kosningum og má sjá skiptingu þeirra í töflu 3 hér að neðan. Þar sem skoðuð voru sjö tölublöð af Morgunblaðinu gera þetta að meðaltali 40,4 greinar eða auglýsingar í hverju blaði vikuna fyrir kosningar. Þegar skiptingin er skoðuð má sjá að ekki er mikið um eiginlega fréttaumfjöllun fyrir kosningarnar. Samanlegt er fréttaumfjöllunin einungis 29 greinar eða rétt rúmlega 10%. Fréttaskýringar og -úttektir fjölluðu aðallega um kosningar í hverju kjördæmi fyrir sig, úrslit

kosninganna 1991 og hvaða stjórn málaöfl væru í framboði. Um helmingur af efninu eru aðsendar greinar, oftast frá einstaklingum sem eru í framboði.

Þrátt fyrir að um helmingur af fjölda greina og auglýsinga sé aðsendar greinar tekur sá hópur aðeins um 39% af heildarplássi umfjöllunarinnar í Morgunblaðinu. Sú tegund umfjöllunar sem tekur mesta plássið eða tæplega 43% af heildarplássinu eru auglýsingar þrátt fyrir að fjöldi auglýsinga er aðeins rúmlega helmingur af fjölda aðsendra greina. Líklegast spila heilsíðuauglýsingar veigamikil hlutverk þegar kemur að muninum á fjölda greina og auglýsinga og plássinu sem þær taka.

Tafla 3:

Tegund	umfjöllunarefnis	í		
Morgunblaðinu:		Fjöldi:	Hlutfall:	Pláss:
Almennar fréttir		20	7,07%	4,88%
Fréttaskýringar / fréttáúttektir		9	3,18%	7,05%
Fréttatengd viðtöl		0	0,00%	0,00%
Aðsendar greinar		141	49,82%	39,20%
Skoðanakannanir		9	3,18%	2,54%
Fréttir af atburðum tengdum kosningum		25	8,83%	3,53%
Auglýsingar		79	27,92%	42,81%
Samtals		283	100%	100%

5.2.2. Umfjöllun DV

DV kom út 1. apríl og svo 3.-8. apríl en það var ekki gefið út á sunnudögum árið 1995. Aukablað fylgdi með blaði DV dagana 4. og 5. apríl sem bar nafnið *Kosningar '95*. Í því var gerð úttekt á kosningarfundum í hverju kjördæmi þar sem fulltrúum framboðanna var boðið að ræða málin. Þá var birtur framboðslisti fyrir hvert kjördæmi. Blöðin voru hvort um sig átta blaðsíður að lengd.


Í DV birtust samtals 79 greinar og auglýsingar vikuna fyrir kosningar sem gera að meðaltali 11,3 á hvert tölublað. Skiptinguna má sjá í töflu 4 hér að neðan. Eiginleg fréttaumfjöllun fyrir kosningar telur 16 greinar eða rétt rúmlega 20%. Fyrirferðamesti hópurinn er auglýsingabirting en 47 auglýsingar voru birtar og er það rétt rúmlega helmingur af öllu efni sem birtist í DV vikuna fyrir kosningar. Auglýsingarnar í DV tóku einnig mesta plássið eða um 59% af heildarplássi þeirra efnisumfjallana sem rannósknin náði yfir.

Tafla 4:

Tegund umfjöllunarefnis í DV:	Fjöldi	Hlutfall	Pláss:
Almennar fréttir	9	11,39%	10,54%
Fréttaskýringar / fréttauðttektir	6	7,59%	20,99%
Fréttatengd viðtöl	1	1,27%	1,95%
Aðsendar greinar	8	10,13%	4,89%
Skoðanakannanir	8	10,13%	2,32%
Fréttir af atburðum tengdum kosningum	0	0,00%	0,00%
Auglýsingar	47	59,49%	59,31%
Samtals	79	100%	100%

5.2.3. Auglýsingar


Heildarfjöldi auglýsingabirtinga á rannsóknartímabilinu er 126 en ef taldir eru þeir stjórn málaflokkar sem minnst var á í auglýsingunum hækkar talan upp í 134. Nánast allar auglýsingar töldust jákvæðar nema ef augljóslega var verið að draga niður stjórn málaflokk. Ein auglýsing taldist hlutlaus og var hún á vegum Rithöfundarsamband Íslands þar sem birt voru svör forsvarsmanna Alþýðuflokks, Framsóknarflokks, Sjálfstæðisflokks, Alþýðubandalags, Þjóðvaka og Kvinnalista við tveimur spurningum er vörðuðu 14% virðisaukaskatt á bækur (Hér að neðan, 1995). Fylgnin milli fjölda auglýsinga og kjörfylgis er mjög sterk ($r = 0,97$, $p < 0,001$) og sjá má á mynd 4 að hlutföllin milli auglýsinga og kjörfylgis fylgjast nokkuð vel að. Það er einna helst Alþýðubandalagið sem sker sig úr.



Mynd 3: Samanburður auglýsingahlutfalls og kjörfylgis á landsvísu


5.2.4. Aðsendar greinar

Fylgni milli fjölda aðsendra greina og kjörfylgis stjórnmalaflokks er sterkt eða $r = 0,83$, $p < 0,01$. Ef aðeins er skoðuð fylgni milli jákvæðra aðsendra greina og kjörfylgis stjórnmalaflokks er fylgnin mun sterkari eða $r = 0,92$, $p < 0,01$. Til samanburðar verður líka sýnd fylgnin milli þeirra aðsendra greina sem taldar voru gefa neikvæða mynd af flokkunum og kjörfylgis flokkanna. Sú fylgni er hófleg en ómarktæk ($r = 0,56$, $p > 0,10$). Mynd 4 sýnir hlutfall fjölda greina þar sem minnst var á viðkomandi stjórnmalaflokk.



5.3. Fjölmiðlaumfjöllun og kjörfylgi

Þegar reiknuð er út fylgni milli hlutfallslegrar atkvæðaskiptingar stjórnmalaflokkanna á landsvísu og þann fjölda greina og auglýsinga þar sem minnst er á þá kemur í ljós að $r = 0,89$, $p < 0,01$. Á mannamáli þýðir það að það er mjög sterk fylgni á milli þessara tveggja þátta. Þegar fylgni milli kjörfylgis og hlutfalls pláss umfjöllunarinnar sem flokkarnir fengu er skoðuð er ljóst að fylgnin þar á milli er einnig mjög sterk þó hún mælist örlítið veikari ($r = 0,86$, $p < 0,01$). Mynd 5 sýnir hlutfall fjölda greina og auglýsinga á hvern flokk (fjöldi greina og auglýsinga á stjórnmalaflokk deilt með heildarfjölda greina og auglýsinga), hlutfall pláss umfjöllunar sem flokkarnir fengu (pláss heildarumfjöllunar stjórnmalaflokks deilt með pláss heildarumfjöllunar allra stjórnmalaflokkanna) og kjörfylgi flokkanna.



7. Umræður og lokaorð

Spurt var í upphafi að hve miklu leyti fjölmiðlaumfjöllun fyrir kosningar endurspeglir niðurstöður kosninganna. Það er alveg ljóst að sterk fylgni er á milli þess hve oft er skrifað um stjórn mála flokka og kjörfylgis þeirra. Það er svipuð fylgni á milli plássins sem sú umfjöllun tekur og kjörfylgisins. Það er áhyggjuefni hve lítið var um fréttaskýringar fyrir kosningarnar. Það hefði verið gott að sjá einhvern blaðamanninn taka saman efndir kosningaloforða stjórn mála flokkanna fyrir kosninganna á undan, árið 1991, eða í það minnsta hvort flokkarnir hafi reynt að koma sínum baráttumálum á framfæri. Það er spurning hvort einhver skortur hafi verið á sjálfstæðum vinnubrögðum blaðamanna á þessum tíma eða hvort ritstjórnarnir hafi enn verið undir áhrifum frá flokksblaðatímanum.

Lítill fjölmiðlaumfjöllun um minni framboð, það er þau sem mælast undir 5% kjörfylgi í skoðanakönnunum, virðist benda til þess að starfsfólk fjölmiðla sleppi því að fjalla um þau. Þessi 5% þröskuldur sem framboð þarf að ná á landsvísi til að ná inn þingmönnum gæti verið ástæðan fyrir því. Þetta er áhugavert í ljósi þess að margar rannsóknir benda til þess að það geti skipt sköpum fyrir framboð að fá mikla fjölmiðlaumfjöllun fyrir kosningar þar sem sú umfjöllun er mjög mikilvæg þegar kemur að því að fiska atkvæði hjá þeim sem ekki gera upp hug sinn fyrr en daginn fyrir kosningar eða síðar. Það er auðvelt að fullyrða að fjölmiðlafólk í hlutverki hliðvarða ætti að gefa forsvarsmönnum lítilla framboða meira tækifæri til að koma boðskap sínum á framfæri en að sama skapi verða hliðverðir að ákveða hvaða fréttir eru

mikilvægar fyrir Þjóðfélagssumræðuna. Þannig er því jafn auðvelt að álykta sem svo að ef framboð ná ekki lágmarksfylgi þá veði þau einfaldlega ekki áhuga hjá þorra landsmanna og eru þar af leiðandi ekki veigamikil framlag í Þjóðfélagssumræðunni.

Niðurstöður rannsóknarinnar í þessari ritgerð styðja við þá staðhæfingu sem birtist í greininni *Politicians in the News: Media or Party Logic?* um að þekkt andlit fái meiri fjölmiðlaumfjöllun en þau ókunnugu. Það liggur ljóst fyrir að sú mikla umfjöllun sem Þjóðvaki fékk fyrir alþingiskosningarnar 1995 var formanni þess að þakka en formaðurinn var Jóhanna Sigurðardóttir. Til samanburðar má nefna fjögur ný framboð sem reyndar buðu ekki fram á landsvísu eins og Þjóðvaki en ekkert þeirra fékk meira en 1% fylgi í kosningunum. Kannski liggur skýringin á slöku gengi „litlu framboðanna“ einmitt í því að þau buðu ekki fram á landsvísu en þó hlýtur fjölmiðlaumfjöllunin einnig að hafa sitt að segja. Ríkisstjórnarflokkarnir Alþýðuflokkur og Sjálfstæðisflokkur fengu mesta fjölmiðlaumfjöllun en Framsóknarflokkur fylgdi Alþýðuflokknum fast á eftir. Í því samhengi er vafasamt að tala um ríkisstjórnarbónus nema sá bónus sé forspár því eftir alþingiskosningarnar 1995 mynduðu Sjálfstæðisflokkur og Framsóknarflokkur saman nýja ríkisstjórn.

Sú sterka fylgni sem mældist milli auglýsingabirtinga og kjölfylgis stjórnmalaflokkanna vekur upp spurningu um hvort það sé einfaldlega hagkvæmara að auglýsa mikið fyrir kosningar frekar en að eyða púðri í að skrifa langar greinar. Þá kom það einnig á óvart hve stór hluti umfjöllunarinnar var í formi aðsendra greina. Sú staðreynd vekur upp spurningu um hvort blaðamenn hafi ekki haft tíma eða getu til að sinna sínu starfi og leyft pennum, oftast á vegum framboðanna sjálfra, að stýra umræðunni í stað þess að sinna starfi sínu sem hliðverðir. Það er allavega ljóst að aðhalds- og upplýsingahlutverk fjölmiðla beið afhröð vikuna fyrir kosningarnar 1995.

8. Heimildir

- Arnór Benónýsson. (1995, 6. apríl 1995). Barátta Jóhönnu og Kvinnalistas fyrir lágum launum kvenna. *Morgunblaðið*, bls. E3.
- Bennett, L.W. (2012). *News: The Politics of Illusion* (9. útgáfa). Glenview: Pearson Education, Inc.
- Bjarki Ármann Oddsson. (2010). *Íslenska kjördæmaskiptingin: Áhrif kjördæmaskiptingarinnar á íslensk stjórnsmál frá 1959 til 2009*. Óbirt BA-ritgerð: Háskólinn á Akureyri.
- Bjarni Kjartansson. (1995, 8. apríl). Loddarar stjórnsmálanna. *Morgunblaðið*, bls. B3.
- Druckman, J.N. (2005). Media Matter: How Newspapers and Television News Cover Campaigns and Influence Voters. *Political Communication*, 22, 463-481.
- Egill Ólafsson. (2013, 27. apríl). Kosningaþátttaka fer minnkandi. *Morgunblaðið*. Sótt 29. apríl 2013 af http://www.mbl.is/frettir/kosning/2013/04/27/kosningathattaka_fer_minnkandi/.
- Fylgi stjórnsmálaflokka í kosningum til Alþingis 1931-1995. (1995, 11. apríl). *Morgunblaðið*, bls. B1.
- Geir H. Haarde. (1995, 4. apríl). Óháðir, Alþýðubandalagið og öryggismálin. *Morgunblaðið*, bls. B1.
- Gísli Einarsson. (1995, 8. apríl). „Hin umhverfisvæna Kristín Einarsdóttir“. *Morgunblaðið*, bls. B6.
- Glúmur Jón Björnsson. (1995, 1. apríl). Matarkarfa kratanna. *Morgunblaðið*, bls. B1.
- Guðlaug H. Konráðsdóttir. (1995, 8. apríl). Verum vandlát – veljum trausta forystu. *Morgunblaðið*, bls. B3.
- Guðlaugur Þór Þórðarson. (1995, 1. apríl). Það sem máli skiptir. *Morgunblaðið*, bls. B8.
- Guðmundur Sv. Hermannsson. (1995, 8. apríl). Kosið er um 63 þingsæti alls í átta kjördæmum í alþingiskosningunum í dag: 31 sæti á höfuðborgarsvæðið. *Morgunblaðið*, bls. 10.
- Gunnar Helgi Kristinsson. (2007). *Íslenska Stjórnkerfið*. Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Gunnlaugur Ólafsson. (1995, 6. apríl). Jákvæð og trúverðug jafnaðarstefna. *Morgunblaðið*, bls. E8.
- Hagstofa Íslands. (2010, 3. mars). Alþingiskosningar 25. apríl 2009. *Hagtíðindi*. Sótt 29. apríl 2013 af <http://www.statice.is/lisalib/getfile.aspx?ItemID=10770>.

- Hagstofa Íslands. (e.d.-a). *Úrslit Alþingiskosninga 1963-2009*. Sótt 27. apríl 2013 af <http://hagstofa.is/?PageID=829&src=/temp/Dialog/varval.asp?ma=KOS02121%26ti=%DArslit+al%FEingiskosninga+1963%2D2009+++%26path=./Database/kosningar/althursli t/%26lang=3%26units=Fj%F6ldi/hlutfall>.
- Hagstofa Íslands. (e.d.-b). *Lykiltölur mannfjöldans 1703-2013*. Sótt 15. apríl 2013 af <http://hagstofa.is/?PageID=2593&src=/temp/Dialog/varval.asp?ma=MAN00000%26ti=L ykilt%F6lur+mannfj%F6ldans+1703%2D2013++++++%26path=./Database/mannfjoldi /Yfirlit/%26lang=3%26units=Fj%F6ldi>.
- Hagstofa Íslands. (e.d.-c). *Útbreiðsla dagblaða eftir titlum 1906-2010 – Ár og Blöð*. Sótt 15. apríl 2013 af <http://hagstofa.is/?PageID=2605&src=/temp/Dialog/varval.asp?ma=MEN02103%26ti=%DATbrei%F0sla+dagbla%F0a+eftir+titlum+1906%2D2010+++++%26path=./Database/ menning/blod/%26lang=3%26units=Fj%F6ldi>.
- Hér að neðan fara svör stjórn málaflökkanna við eftirfarandi tveimur spurningum Rithöfundarsambandsins. (1995, 2. apríl). *Morgunblaðið*, bls. 14.
- Jón Baldvin Hannibalsson. (1995, 7. apríl). Upphlaup alþingismanns. *Morgunblaðið*, bls. 30.
- Jón Kristinn Snæhólm. (1995, 8. apríl). Skilgreiningarvandi vinstrianna. *Morgunblaðið*, bls. B2.
- Katrín Fjeldsted. (1995, 1. apríl). Kalt vinstra vor?. *Morgunblaðið*, bls. B2.
- Kjördagur. (1995, 8. apríl). *Morgunblaðið*, bls. 36.
- Kosningavefur Innanríkisráðuneytisins. (e.d.). *Útreikningur við úthlutun kjördæmissæta*. Sótt 16. apríl 2013 af <http://www.kosning.is/upplýsingar/kjordaemissaeti/>.
- Kristján Jóhann Steinsson. (1995, 6. apríl). Tími Jóhönnu er liðinn. *Morgunblaðið*, bls. E2.
- Kristján Pálsson. (1995, 8. apríl). Framsóknarmenn á Reykjanesi í blekkingarleik. *Morgunblaðið*, bls. B7.
- Landskjörstjórn. (e.d.). *Kosningakerfi: Lýsing á úthlutun þingsæta*. Sótt 16. apríl 2013 af <http://www.landskjoer.is/kosningamal/kosningakerfi/nr/114>.
- Magnús L. Sveinsson. (1995, 8. apríl). Að lofa launahækkun en lögbinda launalækkun. *Morgunblaðið*, bls. B1.
- Rannsóknarnefnd Alþingis. (2010). Aðdragandi og orsakir falls íslensku bankanna 2008 og tengdir atburðir. Í 8. *Bindi* (bls. 195-271). Reykjavík: Alþingi.
- Sighvatur Björgvinsson. (1995, 5. apríl). Jóhanna finnur hátekjuhópinn. *Morgunblaðið*, bls. 26.
- Sigurður Hannesson. (1995, 6. apríl). Betra Ísland! En fyrir hverja? *Morgunblaðið*, bls. E9.

- Skrifstofa Alþingis. (2011). *Alþingi*. Sótt 29. apríl 2013 af http://www.althingi.is/pdf/Althingi2011_islenska.pdf.
- Sólveig Pétursdóttir. (1995, 7. apríl). Treystir þú fjögurra flokka vinstri stjórn fyrir varnar- og öryggismálum? *Morgunblaðið*, bls. B1.
- Svavar Gestsson. (1995, 1. apríl). Sjálfstæðisflokkurinn er hættulega stór. *Morgunblaðið*, bls. B7.
- Sveinn Guðmundsson. (1995, 8. apríl). Kosningabrellur Alþýðuflokksins. *Morgunblaðið*, bls. B5.
- Utanríkisráðuneytið. (e.d.). *Samningurinn um Evrópska efnahagssvæðið (EES-samningurinn)*. Sótt 29. apríl 2013 af <http://www.utanrikisraduneyti.is/verkefni/evropumal/verkefni/nr/4578>.
- Van Aelst, P. og De Swert, K. (2009). Politics in the news: Do campaigns matter? A comparison of political news during election periods and routine periods in Flanders (Belgium). *Communications*, 34, 149-168.
- Van Aelst, P., Maddens, B., Noppe, J. og Fiers, S. (2008). Politicians in the News: Media or Party Logic? Media Attention and Electoral Success in the Belgian Election Campaign of 2003. *European Journal of Communication*, 23(2), 193-210.
- Vinstri stjórn? (1995, 7. apríl). *Morgunblaðið*, bls. 34.

Viðauki I

1995

Heiti blaðs _____

Dagsetning _____

Tölublað _____

Blaðsíða _____

Tegund umfjöllunar

fréttamynd

Almennar fréttir	
Fréttaskýring / úttekt	
Fréttatengd viðtöl	
Aðsend grein	
Skoðanakönnun	
Frétt af atburði tengdum kosningum	
Auglýsing	

Jákvæð	
Hlutlaus	
Neikvæð	

Hvaða flokka eða þekhta aðila innan þeirra er minnst á:

Sjálfstæðisflokkurinn	
Framsóknarflokkurinn	
Alþýðubandalagði	
Alþýðuflokkurinn	
Kvennalistinn	
Þjóðvaki	
Náttúrulagaflokkurinn	
Kristileg stjórn málasamtök	
Aðrir og utan flokka	

Jákv.	Hlutl.	Neikv.

Pláss:

Línur _____

Fjöldi stafa í dálk _____

Dálkar _____

Ein blaðsíða er:

- hve margar línur: _____

- hve margir dálkar: _____